

Janúarbréf 2022

Ágætu foreldrar og aðrir forráðamenn!

Við óskum ykkur gleðilegs nýs árs og þökkum fyrir árið sem var að kveðja okkur. Við viljum þakka öllum þeim sem hafa komið í skólann og sýnt okkur og því starfi sem hér er unnið áhuga og velvilja.

Viljum minna á heimasíðu skólans en slóðin er www.laugargerðisskoli.is og Facebooksíða skólans er <https://www.facebook.com/laugargerðisskoli>. Við reynum að setja þarna inn fréttir ofl.

Þótt það sé nóg að gera þá er janúar nokkuð rólegur samkvæmt skóladagatali og því gott að einbeita sér að náminu. Námsmat verður stöðugt fram til annaskipta sem eru í byrjun febrúar. Við minnum foreldra á að sjá til þess að börnin mæti vel klædd í skólann. Nú er hávetur og gólfín köld svo gott væri að nemendur hefðu inniskó.

- 17. janúar kemur Inga sálfræðingur

Það er komið að annaskiptum í tónlistarnáminu hjá Jenna og foreldrar þurfa að láta vita hvort einhverjar breytingar verða. Til þess að kennslan beri sem bestan árangur þurfa nemendur að æfa sig vel heima.

Starfsfólk Laugargerðisskóla